LISTIR

Lífríki Íslands

MYNDLIST

Hafnarborg

VÍSINDASKREYTI JÓN BALDUR HLÍÐBERG

Opið alla daga frá 12–18. Lokað mánudaga. Til 13. desember. Aðgangur 200 krónur.


AÐALSALIR Hafnarborgar eru um þessar mundir undirlagðir miklum fjölda teiknaðra og máluðra mynda úr lífríki jarðar sem vert er að gefa gaum.

Um er að ræða kynningu á ákveðnu fagi sem ekki hefur hlotið sérstakt nafn á íslenzku, er kallað „scientific illustration" á ensku og vel mætti nefna vísindaskreyti. Skreyti er nú það sem síst á við um útfærslu sjálfra myndanna, þar sem aðallega er um að ræða mjög nákvæmar og vísindalegar teikningar af fuglum og fiskum, en sjálft hugtakið á við allt lífríkið í lofti, láði og legi. Skreytið kemur einungis til skjalana sem lifandi og sannverðug lýsing á fyrirbærum náttúrunnar í bókum, sem og á náttúrusögu og vísindasöfnum. Myndirnar eru handgerðar og lífrænar þrátt fyrir að vera, er svo er komið, einnig gerðar með aðstoð hátækninnar. Handverkið hefur hér yfirburði yfir tölvu og ljósmyndir hvað nálgun snertir, þar sem hin teiknandi hendi er framlenging sálarinnar eins og það hefur verið orðað. Um slíka framlengingu er ekki að ræða um dauð tæki sem við stýrum með hugviti okkar, jafnvel þótt árangurinn sé mun fullkomnari tæknilega séð. Þetta vita vísindamenn og örtölvufræðingar öðrum betur, því enn hefur þeim ekki tekist að gæða tæki og tól eðlunarhæfileikum né græða á þau frjóhirslur, hvað sem síðar verður.

Þetta fag kom beint í flasið á mér, er ég skoðaði náttúrufræðideildina á Smithsonian-stofnuninni í Washington 1966 og undraðist stórum. Umhverfi dýranna var svo vel hannað og teiknað að með ólíkindum var og sagði ég frá þessu í fyrstu grein sem ég skrifaði á ferli mínum sem listrýnir Morgunblaðsins og birtist sunnudaginn 20. nóvember sama ár. Orðrétt: „Mikið safn hvers konar dýra, uppsettra, má sjá í sínu eðlilega umhverfi í nokkurs konar glerbásum og er allt svo raunverulegt og vel gert, að furðu gegnir. Bakgrunnurinn, sem átti að vera sjálf náttúran, með máluðum fjöllum, trjám, ársprænum, fljótum, til samræmis og sannra hughrifa var á við sæmilegustu landslagsmálverk í vissum skilningi, laus við hégómlegheit og óvæmin. Er ég sá hve allt var framúrskarandi vel gert og áhugavert undraði mig minna er ég komst að því, að 10 milljónir manna kæmu á söfn Smithsonian-stofnuninnar árlega, og engan veginn kæmi mér á óvart þótt töluna mætti margfalda ríflega í dag."

Þetta var upphafið að stóraukn-um áhuga mínum á náttúrusögu- og vísindasöfnum, sem verða stöðugt fullkomnari og vistlegri að auk.

Jón Baldur Hlíðberg orðar markmið sýningarinnar svo í skrá; uppsetning sýningarinnar miðar að því að miðla fyrst og fremst þeim vinnubrögðum til áhorfandans sem viðhöfð eru við þetta fag, sem ekki hefur hlotið sérstakt nafn á íslenzku en er kallað „scientific illustration" á ensku. Víða erlendis er aldagömul hefð á þessu sviði en ótrúlega fáir hafa lagt stund á þessa iðju hér á landi.



Himbrimi.

Þetta er allt hárrétt, og satt að segja hefur það iðulega verið neyð og kvöl að sjá hvernig menn hafa staðið og standa að uppsetningu náttúrugripa hér á landi. Þótt áhuginn sé lofsverður, jafnvel aðdáunarverður, og viljann skorti ekki er þekkingarleysið hrikalegt og engan veginn hægt að kenna peningaleysi alfarið um öfugsnúin árangur.

Hugmyndin að sýningunni er ekki einungis góð, heldur er hún mikill hvalreki til miðlunar á þessu mikilvæga fagi, auk upplýsinga um vægi nýtækninnar og veraldarvefjarins á sviðinu. Einnig hvað snertir, að menn geri sér grein fyrir því, að hin teiknandi hendi mannsins er ekki úrelt fyrirbæri og því síður sú undirstöðuþjálfun sem fæðir af sér snjalla teiknara. Á bæði við um skapandi athafnir sem vísindalega endurgerð lífríkisins, hér skilur einungis herslumunur, og kemur afar vel fram strax og upp á pall annarrar hæðar er komið, og við blasir stór spegilmynd af hrafni á færanlegum glervegg sem skiptir salnum. Gæti allt eins verið innsetning á núlistasýningu og er mjög áhrifamikið. Hinar máluðu og teiknuðu myndir eru afar vel gerðar og hrein nautn

„Grafík í mynd"

MYNDLIST

Kjarvalsstaðir

KYNNINGARSÝNING – ÍSLENZKIR OG ERLENDIR LISTAMENN

Opið alla daga frá 10–18. Til 19. desember. Aðgangur 400 krónur.

ÞAÐ er margt sem kemur upp í hugann við endurteknar heimsóknir á sýninguna Grafík í mynd, á Kjarvalsstöðum. Þetta er ein þeirra framkvæmda sem erfitt er að gera skil á stuttum tíma og í knöppu máli, einkum í umhverfi sem enn sem komið er hefur ekki meðtekið listgrafík, né hið rétta eðli hennar. Á landi hér finnast engir eiginlegir safnarar grafíkblaða eða teikninga, þ.e. svartlistar almennt, þótt nokkrir hafi sýnt miðlunum skilning og grafíkmyndir hangi víða uppi. En menn eru ekki sjálfkrafa safnarar þótt þeir eigi frá 10–20 valdar myndir, það gerist frekar ef menn tífalda þessa tölu og halda yfir innkaupin nákvæma skrá. Þá eru ekki til neinar grafískar deildir í þeim opinberu listhúsum sem rekin eru undir safnaheiti, þrátt fyrir að hvergi sé hægt að nálgast yfirlit listaverkaeignar þeirra. Heilu tímabilin í pækli, annað kynnt í síbylju, einkum ef það stendur nálægt þeim og/eða er af sömu kynslóð og þar eru í fyrirsvari.

Sýningin Grafík í mynd, sem skiptist í tvo hluta, gegnir því meginhlutverki að vera kynning á eðli grafíklista, sígildu þrykktækninni og grafískum eigindum í myndmiðlum nútímans, allt frá ljósmyndinni til tölvu- og tölvuprenttækninnar. Knut Ormhaug frá listasafninu í Bergen, sem er sýningarstjóri eldri hlutans er spannar frá Dürer til Chagall, greinir í stuttu máli frá hinum ýmsu geirum hinna klassísku grafíklista í sýningarskrá/bók, og ferst það prýðilega úr hendi. Það er vel þegið, þótt hið sama hafi fyrir löngu og endurtekið verið gert áður á kynningarsýningum grafíkfélagsins okkar, en gott að fá fróðleikinn innbundinn og í bókarformi. Hins vegar skýtur skökku við að ekki er stafkrókur frá hendi sýningarstjóra nútímadeildarinnar, Birnu Kristjánsdóttur, hvað varðar inntak og eðli nýþróunar grafíklista sem sýningin á að meginhluta að spegla, hvað þá skýring á vali sýnenda. Svífur hinn almenni skoðandi hér í tómarúmi, eða skal líta svo á að sýningin sé sett upp fyrir hóp útvalinna í trúnni og sýningargestir aukaatriði? Þá minnir þetta úrval eldri mynda sem hér er kynnt nokkuð á minnisstæða sýningu sem Lúðvíg Guðmundsson skólastjóri stóð fyrir í húsakynnum Handíða- og Myndlistarskólans 1947. Ber þannig nokkurn keim af því að þeir sem völdu myndirnar álíti Íslendinga enn á byrjunarreit, enda valið neyðarlega almennt og myndirnar flestar vel kunnar úr bókum, að auk fæstar toppmyndir viðkomandi listamanna. Þá er aðgengi að myndunum ekki nógu gott og lýsingin afleit, glampar fullmikið á glerin, er líkast sem þessum hluta hafi verið ýtt út í horn.


Hugtakið, grafík í mynd, er mjög víðfeðmt og þannig eru sumar útfærslur í málverki gæddar yfirmáta ríkum grafískum eigindum og er iðulega skírskotað til þess í ræðu og riti. Ljósmyndin býr einnig yfir kynngimögnum í svarthvítu og er hér nærtækast að nefna myndir Jóns Kaldals.

Í hugleiðingu Eiríks Þorlákssonar verður mér svo einnig að ásteytingarsteini, að honum er það mikil spurn, hvort þau vinnubrögð sem Ormhaug er að lýsa séu ekki fornaldarleg á tímum hreinlátari aðferða og hvort þessi sóðalega vinna sé ekki úrelt fyrirbæri, dæmi um fortíðarhyggju og þar með einangrun listamanna frá þeim nýja og háþróaða tækniheimi sem þeytist áfram allt í kringum okkur?

Þetta hefur svip af því að ryðja skuli gömlu tækninni burt af borðinu sem úreltu og skítugu fyrirbæri, svona líkt og málverkinu, þar sem flestir nota vinnuvettlinga er svo er komið, sumir boxhanska ef tekið er mið af árangrinum. Er þó mjög umdeilanlegt hvort sjálf tæknin sé úrelt og má það bíða betra tilefnis að gera því skil, en í meira lagi misvísandi að tala um sóðalega og skítuga vinnu. Hér er



Blóðið rennur glatt í hinum líflegu myndum Magðalenu Margrétar Kjartansdóttur.



Guðmundur Ármann Sigurjónsson bætir stöðugt við sig í hinni hreinu ómenguðu grafíktækni.

listsögufræðingurinn nefnilega að vísa til iðnverksins, en alls ekki grafíkur í mynd, eins og verið er að kynna. Þrifnaður er nefnilega fyrsta og æðsta boðorð hins sanna grafíklistamanns og raunar algjört skilyrði til árangurs, sem allir vita sem ratað hafa inn á grafíkverkstæði. Ef eitthvað ber út af í þeim efnum hefur það í nær öllum tilvikum afdrifaríkar afleiðingar, en kannski er hér verið að stíla á klaufana og klastrarana sem fræðingum hefur verið svo annt um að hefja á stall á undanförnum áratugum, jafnvel svo að það sem áður skilgreindist sem makulaturer er nú orðið að list. Og hvað fag- og iðnaðarmanninn snertir gilda nákvæmlega sömu reglur, sá sem ekki virðir þær fær umsvifalaust sparkið, helst á hafsauga. Meira en vel má vera, að iðkun grafíklista sé sóðaleg í heimahúsum, enda vart við hæfi, iðkandinn verður þá einnig að vera sinn eigin fag- og iðnaðarmaður og að auk ræstitæknir. En framkallar ekki kökubakstur sömu vandamál og telst hann þá ekki einnig úrelt fyrirbæri svona líkt og matargerð almennt? Felst ekki hinn glæsti nútími allt eins í kökuhúsunum, hamborgara- og pítsustöðunum og jafnframt að drekka kaffi, kakó og kampavín úr plast- og pappamálum? Kannski er sum-um fyrirmunað að sjá mun á eldhúsi sóðans og hinnar stoltu metnaðargjörnu „eldhúsmellu". Málið er, að hinn skapandi grafíklistamaður dagsins og meistarar á verkstæðum fortíðar koma og komu í flestum tilvikum ekki nálægt öðru en útfærslu hugmynda sinna. Sóðaskapurinn er og var þá ekki tiltakanlega meiri en að teikna með blýanti á blað. Hins vegar telst og taldist það hlutverk vel menntaðra fagmanna að sjá um allt hitt og lærlinga á verkstæðum um ræstinguna, sú er vel að merkja oft svo fagleg og fullkomin að aðdáun og virðingu vekur.

Mestur munurinn á menntun í grafík í nútíð og fortíð er vafalítið sá, að fyrrum urðu menn að hafa aflað sér staðgóðrar undirstöðumenntunar í teiknun og málverki til þess að fá yfirhöfuð leyfi til að vinna á grafíkverkstæðum akademíanna. Var þannig drjúg viðurkenning þegar þeir fengu grænt ljós hjá prófessorunum. Þetta er einmitt eitt af því úrelta í nútíma listaskólum, tæknin og innantómt málæðið komið í staðinn fyrir undirstöðumenntunina. Hefur gerst á rúmum aldarfjórðungi í 300 ára sögu listaskólanna. Nú hrópa þó ungir austan hafs og vestan aftur á þessa menntun, en þá eru þeir varla til lengur sem geta kennt fögin, prófessorarnir með öllu áttavilltir í þeim fræðum, enda eru þeir til sem eru þekktari fyrir að hafa pissað með stæl í Arizona en að halda á litógrafískri krít eða málmþrykksnál .... Sýningin í heild sinni er að vísu öðruvísi en fyrri grafíksýningar hér á landi, en sú nýjung er ekki nóg, því sumt og keimlíkt þessu hefur sést á sýningum í Nýlistasafninu, ber jafnvel svip af hlutum sem gerðir voru á tímum hugmyndafræðilegu listarinnar á áttunda áratugnum. Og nýir tæknimiðlar eru heldur ekki kappnóg til að réttlæta hvað sem er, þannig getur sumt af þessu að líta á hönnunarsýningum úti í heimi og eru hreint tækniatriði. Ég ber mikla virðingu fyrir tækninni, allar gildar nýjungar eru af hinu góða en samt hefur sú viska aldrei verið jafn ný og fersk sem Albrecht Dürer sagði fyrir hálfri þúsöld, en einmitt á síðustu tímum: „Hlutverk listamannsins er að varðveita mynd mannsins frá hinni endalausu nótt fáfræðinnar." Í dag birtist fáfræðin í mynd fjarstýrðra blekkinga og heilaþvætti á hlutverki listarinnar, þar sem valtað er yfir öll fyrri gildi og leitast er við að hversdagsgera það háleita og mikilfenglega. Í engri listgrein er það jafn áberandi og myndlist, hvernig sem á því stendur, því fáir myndu sætta sig við að fara á pínókonsert og fá óbóleik í staðinn, sem nýja og óskilgreinda birtingarmynd sláttuhljóðfærisins.

Að sjálfsögðu er óbóleikurinn fullgildur í sjálfu sér og þannig er margt bitastætt og vel það á sýningunni, sem ég kannast þó síður við sem listgrafík og tel að að fara þyrfti nokkuð öðruvísi að hugtakinu mynd í grafík, en hér á sér stað. Að auk útlista ferlið betur fyrir sýningargestunum, ekki síður en sígildu grafíkina. Allt annað skapar rugling hjá hinum almenna sýningargesti sem verður enn áttavilltari en hann var áður og fer í varnarstöðu, því hér er talað niður til hans. Hinn almenni sýningargestur er þó sterkasti bandamaður listarinnar er svo er komið eins og ég hvarvetna verð var við á ferðum mínum, jafnt á söfnum eldri sem nýrri gilda.

Loks brennur sú spurning á er út af sýningunni er gengið hví aðstandendur hennar komi bara hálfir út úr skápnum, hafa tekið nokkra úr sígildu tækninni með svona til málamynda. Tel framlag þeirra blóðríkasta hluta framningsins, ásamt ljósmyndum Benedikts G. Kristþórssonar og hinnar þöglu hljóðgrafíkur Valgerðar Hauksdóttur, með hliðsjón af hugtakinu grafík í mynd.

Bragi Ásgeirsson